

Hestamannafélagið Borgfirðingur
Stjórnarfundur 30. nóvember 2021 kl 17.30

Fyrstu fundur nýrrar stjórnar. Mættir eru:

Þóra Árnadóttir, Baldur Pétursson, Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir, Eypór J. Gíslason, Haukur Bjarnason, Þórdís Arnardóttir, Sigurþór Ágústsson, Rósa Björk Jónsdóttir.

Kosið í störf stjórnar.

Þórdís Arnardóttir valin gjaldkeri. Rósa Björk ritari. Sigurþór Ágústsson varaformaður.

Nefndir.

Rætt um að virkja nefndir og aðstoða við að manna þær. Fara yfir hverjar þær eru og hvar vantar helst fólk. Gera það í samstarfi við nefndirnar og reyna að finna tíma til að hitta þær og finna tengilið við stjórnarmeðlim við hverja nefnd.

Skoða með að endurskoða einhverjar nefndir eða breyta hlutverki, eins og umhverfisnefnd. Verður rætt.

Mót

Íslandsmót barna og unglunga 29.- 31. Júlí 2022.

-Rætt var að skipa nefnd sérstaklega fyrir Íslandsmót barna og unglunga. Hún myndi halda utanum skipulaggingu, athuga td. með tjaldsvæði og hesthúspláss og annað sem þyrfti til að gera gott mót. Ynni í samstarfi við stjórn og aðrar tengdar nefndir etv.

-Skoða með að fá styrk frá Borgarbyggð til að taka þátt Íslandsmóti eða stærri mótum til framtíðar.

Úrtöku vegna landsmóts.

Rætt hvort gera eigi sameiginlega með öðrum félögum. Dreyri hefur þegar lýst yfir áhuga á samstarfi. Athuga með önnur nágrennafélög.

-Folaldasýning 3. Des kl 18.30. Þórdís sækir verðlaun.

Ógreidd félagsgjöld

Vísa fólki úr félaginu sem ekki hefur greitt félagsgjöld. Hvetja fólk til að senda inn ef email breytist. Aðeins borgandi félagsmenn hafa aðgang að Worldfeng. Gjaldkeri sendir út bréf til áminningar.

Reiðhöll

Staðan rædd. Félagið fær leyfi til að semja við Borgarbyggð um að borga virðisaukahvöð. Erindi þess efnis sent inn. Formaður Borgfirðings þegar óskað eftir fundi við Borgarbyggð.

Annað

Skoða innkeyrslumál inná svæðið í samstarfi við Borgarbyggð. Breyting á deiliskipulagi og vegstæði sem þarf að athuga.

Hægt að auglýsa betur að hægt sé að leiga félagshúsið og reiðhöllina. Setja betri upplýsingar um það á heimasíðuna.

Ýta á að kláruð verði uppsetning á ljósastaurum við völlin.

Plön um að setja nýtt efni á keppnisvöllinn með vorinu.

Rætt um heimasíðumál og að virkja hana betur. Skoða með að efla Facebook síðu. Breyta í „page“ en ekki „group“. Rósa skoðar.

Fundi slitið kl 19.00.